Sýning Guttorms Jónssonar á Kjarvalsstöðum

■ Nú stendur yfir að Kjarvalsstöðum sýning á skúlptúrverkum eftir Guttorm Jónsson. Á sýningunni eru 29 verk, unnin í tré og stein og trefja-steypu, þar af eru 18 verk úr íslenskum viði.

Guttormur stundaði nám í höggmyndadeild Myndlistarskóla Reykjavíkur 1978-1981. Þetta er fyrsta einkasýning hans, en hann hefur áður sýnt á samsýningum á Akranesi og í Reykjavík.

Sýningin verður opin daglega frá kl. 14-22 fram til 25. nóvember.



■ Katrín H. Ágústsdóttir.

Sýning í Þorlákshöfn

■ Laugardaginn 17. nóvember opnar Katrín H. Ágústsdóttir vatnslitamyndasýningu í Egilsbúð, Þorlákshöfn.

Þetta er 11. einkasýning Katrínar.

Sýningin er opin til 25. nóv. frá kl. 14-19 um helgar, og á opnunartíma safnsins aðra daga.



Herðatré í fataskápinn og stuðningur við fötluð börn

■ Mörg hundruð skólabörn í Reykjavík munu ganga í hús laugardaginn 17. nóvember og selja herðatré. Lionsklúbburinn Njörður stendur fyrir þessari óvenjulegu fjárstöfnun til styrktar fötluðum börnum. Takmarkið er að selja hvorki meira né minna en 52.000 herðatré.

Njörður hefur áður skipulagt slíka herðatrjáasölu. Það var á ári fatlaðra 1981 og tókst hún með afbrigðum vel. Að þessu sinni verður ágóðanum verið til uppbyggingar sumardvalarheimilis fatlaðra barna í Reykjadal í Mosfellssveit. Heimili þetta er rekið af Styrktarfélagi lamaðra og fatlaðra.


Auk skólabarnanna leggja margir hönd á plóginn til að gera þessa fjáröflun mögulega. Njarðarfélagar vilja sérstaklega þakka höfðinglegan stuðning frá Eimskipafélagi Íslands, Alþýðuprentsmiðjunni, Auglýsingadeild Sambandsins og Strætisvögnum Reykjavíkur.

Lionsklúbburinn Njörður hefur unnið mikið starf að líknarmálum á liðnum árum t.d. gefið mikinn hluta tækjakosts háls-, nef- og eyrnadeildar Borgarspítalans, lagt grunninn að hljóðbókasafni Blindrafélagsins, stutt Flugbjörgunarsveitina í Reykjavík, Grensásdeild Borgarspítalans og ýmsa fleiri aðila. Framlög klúbbsins til líknarmála á sl. ári námu um 1,2 milljónum króna.

Það er von Njarðarfélaga að borgarbúar taki vel á móti sölubörnunum og noti tækifærið til að bæta nokkuð úr herðatrjáaskortinum í fataskápnum og hjálpi Lionsmönnum jafnframt að styrkja fötluð börn. Herðatrén verða seld sex saman í pakka og kostar hver pakki aðeins 200 krónur.



■ Guttormur Jónsson við eitt verka sinna. (NT-mynd: Sverrir)



Skjaldbakan kemst þangað líka

■ Um helgina verður leiksýning Egg-leikhússins Skjaldbakan kemst þangað líka eftir Árna Ibsen sýnt á hverju kvöldi fram á mánudag, og verður þá 10. og jafnframt síðasta sýning á þessu óvenjulega leikriti.

Sýnt er í Nýlistasafninu við Vatnsstíg og hefjast sýningar kl. 21. Með hlutverkin í leiknum fara Viðar Eggertsson og Arnór Benónýsson, en höfundur er leikstjóri.

vaxandi áhuga fólks á keramikmálum þar sem sköpunargáfa hvers og eins fær að njóta sín.

Sýningin stendur frá kl. 14-17 á sunnudaginn og verður aðeins þennan eina dag.

Sýning Ómars í Listmunahúsinu

■ Í Listmunahúsinu Lækjargötu 2 stendur yfir sýning Ómars Skúlasonar. Á sýningunni eru collage-myndir frá 1976, en aðaluppistaða sýningarinnar eru tvær myndraðir báðar unnar á árinu 1984.

Sýningin, sem er sölusýning, er opin virka daga frá kl. 10-18, laugardaga og sunnudaga frá kl. 14 til 18. Lokað mánudaga. Þetta er síðasta sýningarhelgin, en sýningunni lýkur 18. nóvember.

Háskólafyrirlestur um heimspeki

■ Sunnudaginn 18. nóvember mun Atli Harðarson flytja fyrirlestur á vegum Félags áhugamanna um heimspeki.

Atli lauk B.A. prófi í heimspeki frá háskólanum árið 1982 og M.A. prófi í heimspeki frá Brown University í Bandaríkjunum á síðastliðnu vori. Fyrirlesturinn nefnist: **Árás Berkeleys á efahyggju.**

Í fyrirlestrinum verður rakinn ýmis almennur fróðleikur um efahyggju á 17. og 18. öld, en aðalefni hans verður útskýring á því hvers konar efahyggju Berkeley reyndi að hrekja og túlkun á rökum hans gegn henni.

Fyrirlesturinn verður haldinn í Lögbergi, stofu 101 og hefst kl. 3.00.

Ljósmyndasýning í Nýlistasafninu – neðri sal

■ Þessa dagana sýnir Emil Gunnar Guðmundsson ljósmyndaröð, „Hleg-ið í gegnum tárin“ í neðri sal Nýlistasafnsins. Sýningin er haldin í tengslum við leiksýningar Egg-leikhússins á leikritinu „Skjaldbakan kemst þangað líka“ og er opin öllum almenningi á miðasölutíma leikhússins kl. 17-21. Ljósmyndasýningunni lýkur um leið og sýningum Egg-leikhússins.

Dansað á Borginni á ný

■ **Orator,** félag laganema hefur tekið að sér að sjá um dansleikjahald á Hótel Borg í vetur, og verður fyrsti dansleikurinn í kvöld – föstudagskvöldið 16. nóv.

Tilgangur Orators með þessu er annars vegar sá, að standa straum af kostnaði við Norrænt laganemamót, sem fyrirhugað er að halda hér á landi næsta sumar og hins vegar að auka fjölbreytni í skemmtanalífi borgarbúa, enda hefur Hótel Borg nokkra sérstöðu meðal skemmtistaða höfuðborgarinnar, bæði vegna góðrar staðsetningar og eins þeirrar merku sögu, sem hún á að baki.

Kvennahúsið

■ Opið hús verður á morgun, laugardag, kl. 1-3. Þangað mæta aðstandendur leikritsins Petra von Kant, sem nú er sýnt á Kjarvalsstöðum. Leikstjóri, leikmyndateiknari og leikendur segja frá tilurð sýningarinnar og spjalla um hana.

Aðalfundur Húnvetningafélagsins

■ Aðalfundur Húnvetningafélagsins í Reykjavík verður haldinn sunnudaginn 18. nóvember kl. 20.30 í húsi félagsins að Skeifunni 17, 3. hæð. Venjuleg aðalfundarstörf. Nýir félagar sérstaklega boðnir velkomnir.

Stjórnin

Kertasala í Kópavogi

■ Helgina 17. og 18. nóvember fer fram hin árlega kertasala Kiwanisklúbbsins Eldeyjar. Munu klúbbfélagar banka þá á dyr Kópavogsbúa og bjóða þeim kerti til kaups. Allur ágóði rennur til líknarmála í Kópavogi.

Sóleyjarkvæði í Félagsstofnun

■ Háskólakórinn og Stúdentaleikhúsið flytja Sóleyjarkvæði Jóhannesar úr Kötlum nú um helgina. Lögin eru eftir Pétur Pálsson en Árni Harðarson, stjórnandi kórsins, útsetti þau. Guðmundur Ólafsson, leikari, fer með hlutverk sögumanns. Sýningarnar verða í Félagsstofnun stúdenta við Hringbraut föstudag, laugardag og sunnudag kl. 20.30.

